

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum 24. mars 2020 breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, er nær til lóðar við Drangsskarð 10 þar sem lóð var stækkuð og fjölgað um eina íbúð.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á Hellnahrauni, 1. áfanga.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum 1. apríl 2020 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga, þar sem gerð er ný lóð á bæjarlandi.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 1. apríl 2020.

Gunnþóra Guðmundsdóttir skipulagsfulltúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. apríl 2020